

Öryggisfjarskipti ehf.

Ársreikningur
2018

Öryggisfjarskipti ehf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 641106-1430

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað 20. október 2006 og megintilgangur þess er að veita öryggisfjarskiptaþjónustu. Félagið rekur Tetra kerfi sem er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika sem er sérsniðið að þörfum viðbragsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 79 millj. kr. á árinu 2018. Eigið fé nam 802 millj. kr. í árslok 2018 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 660 millj. kr.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2019, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í upphafi og lok árs voru hluthafar tveir og greinast hlutir þeirra þannig:


Ríkissjóður	495.000.000
Neyðarlínan ohf.	165.000.000
	<u>660.000.000</u>

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27/2 2019.

Stjórn og framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Öryggisfjarskipta ehf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 27/2 2019.

Advant endurskoðun ehf.



Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi



Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		254.416.583	258.019.798
Aðrar tekjur		4.708.471	0
Hagnaður af sölu fastafjármuna		22.812.540	0
		281.937.594	258.019.798
 Rekstrargjöld			
Viðhaldskostnaður		32.654.025	38.750.275
Aðkeypt þjónusta frá Neyðarlínunni ohf.		0	31.200.000
Fjarskiptaleyfi		1.266.347	1.285.594
Laun og launatengd gjöld	3	1.488.745	1.423.925
Annar rekstarkostnaður		13.522.963	4.293.067
Afskriftir	5	129.737.175	131.438.877
		178.669.255	208.391.738
 Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld		103.268.339	49.628.060
 Vaxtatekjur		6.332.185	5.705.943
Vaxtagjöld		(10.948.174)	(12.847.867)
		(4.615.989)	(7.141.924)
 Hagnaður fyrir tekjuskatt		98.652.350	42.486.136
 Tekjuskattur	4	(19.733.890)	(8.500.588)
 Hagnaður ársins	8	78.918.460	33.985.548

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	903.131.879	850.249.933
Fastafjármunir		903.131.879	850.249.933
Krafa á Neyðarlinuna ohf.	11	17.379.102	53.854.640
Viðskiptakröfur		544.141	0
Aðrar skammtímakröfur		40.011.915	5.077
Virðisaukaskattur, inneign		3.467.041	11.318.846
Handbært fé		351.325	1.017.548
Veltufjármunir		61.753.524	66.196.111
Eignir samtals		964.885.403	916.446.044
Eigið fé			
Hlutfé	7	660.000.000	660.000.000
Lögbundinn varasjóður		14.632.694	6.740.848
Óráðstafað eigið fé		127.681.776	56.655.162
Eigið fé	8	802.314.470	723.396.010
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	9	57.452.224	111.711.609
Tekjuskattsskuldbinding	10	49.592.497	29.858.607
Langtímaskuldir samtals		107.044.721	141.570.216
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.578.702	302.917
Næsta árs afborgun langtímaskulda	9	53.908.058	51.141.147
Aðrar skammtímaskuldir		39.452	35.754
Skammtímaskuldir samtals		55.526.212	51.479.818
Skuldir samtals		162.570.933	193.050.034
Eigið fé og skuldir samtals		964.885.403	916.446.044

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		78.918.460	33.985.548
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	129.737.175	131.438.877
Tekjuskattur	4	19.733.890	8.500.587
Hagnaður af sölu fastafjármuna		(22.812.540)	0
		<u>205.576.985</u>	<u>173.925.012</u>
		Veltufé frá rekstri	
Skammtíma kröfur, breyting	(32.699.174)	(11.200.092)
Skammtímaskuldir, breyting		1.279.483	(8.478.252)
		<u>174.157.294</u>	<u>154.246.668</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	5	(201.806.581)	(125.724.100)
Söluverð fasteignar		42.000.000	0
		<u>(159.806.581)</u>	<u>(125.724.100)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	(51.492.474)	(51.286.660)
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		36.475.538	23.427.959
		<u>(15.016.936)</u>	<u>(27.858.701)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Breyting á handbæru fé	(666.223)	663.867
Handbært fé í ársbyrjun		1.017.548	353.681
Handbært fé í árslok		<u>351.325</u>	<u>1.017.548</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar og fjármagnskostnaður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

b. Innlausn tekna

Leigutekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsnæði	50 ár
VSS kerfi	8 ár
Tetra kerfi	10 - 15 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur voru óverulegar í árslok 2018 og því ekki tilefni til neinnar varúðarafskriftar af slíkum kröfum.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2018	2017
Laun	1.231.999	1.188.403
Launatengd gjöld	256.746	235.522
Laun og launatengd gjöld samtals	1.488.745	1.423.925

Skýringar, frh.:

4. Tekjuskattur

Virt skatthlutfall greinist þannig:	2018	2017
Hagnaður fyrir skatta	98.652.350	42.486.136
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% (19.730.470)	20,0% (8.497.227)
Annað	0,0% (3.420)	0,0% (3.361)
Virkur tekjuskattur	20,0% (19.733.890)	20,0% (8.500.588)

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Húsnæði	VSS kerfi	Tetra kerfi	Bifreið	Samtals
Stofnverð 1.1.2018	34.593.809	252.574.441	1.159.242.673	0	1.446.410.923
Viðbót á árinu	81.153.778		105.652.803	15.000.000	201.806.581
Selt og niðurlagt á árinu	(23.399.340)				(23.399.340)
Stofnverð 31.12.2018	92.348.247	252.574.441	1.264.895.476	15.000.000	1.624.818.164
Afskrifað samtals 1.1.2018	4.935.597	151.074.253	440.151.140	0	596.160.990
Selt og niðurlagt á árinu	(4.211.880)				(4.211.880)
Afskrifað á árinu	2.438.665	34.824.662	90.723.848	1.750.000	129.737.175
Afskrifað samtals 31.12.2018	3.162.382	185.898.915	530.874.988	1.750.000	721.686.285
Bókfært verð 1.1.2018	29.658.212	101.500.188	719.091.533	0	850.249.933
Bókfært verð 31.12.2018	89.185.865	66.675.526	734.020.488	13.250.000	903.131.879

6. Vátryggingaverð

Vátryggingaverð húsnæðis og kerfa var 922 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 903 millj. kr.

7. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 660 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

8. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	660.000.000	6.740.848	56.655.162	723.396.010
Fært í varasjóð		7.891.846	(7.891.846)	0
Hagnaður ársins			78.918.460	78.918.460
Eigið fé 31.12.2018	660.000.000	14.632.694	127.681.776	802.314.470

Skýringar, frh.:

9. Skuldir við lánastofnanir

Yfirlit um skuldir við lánastofnanir:	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir við lánastofnanir, ISK verðtryggt vextir 4,15-4,30%	111.360.282	162.852.756
Næsta árs afborganir	(53.908.058)	(51.141.147)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	57.452.224	111.711.609
Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2018.....	0	51.141.147
Árið 2019.....	53.908.058	51.141.147
Árið 2020.....	22.239.571	21.172.265
Árið 2021.....	22.239.571	21.172.265
Árið 2022.....	12.973.082	18.225.932
Síðar.....	0	0
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	111.360.282	162.852.756

10. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding félagsins greinist þannig:	2018	2017
Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun	(29.858.607)	(17.345.547)
Leiðrétting tekjuskattskuldbindingar	0	(4.012.472)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(19.733.890)	(8.500.588)
Reiknuð skattskuldbinding í árslok	(49.592.497)	(29.858.607)
Tekjuskattskuldbinding skiptist þannig:	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir	(49.703.165)	(44.317.439)
Yfirfæranlegt tap	110.668	14.458.832
Tekjuskattskuldbinding í árslok	(49.592.497)	(29.858.607)

Í árslok 2018 nam yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins 0,6 millj.kr og er það nýtanlegt til ársins 2024.

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Keypt þjónusta	Leigu- tekjur	Vaxta- tekjur	Krafa
Neyðarlínan ohf. 2018	0	254.416.583	6.146.044	17.379.102
Neyðarlínan ohf. 2017	31.200.000	257.959.798	4.300.967	53.854.640

12. Ábyrgðir/veðsetningar

Neyðarlínan ohf. er í ábyrgð fyrir láni sem Öryggisfjarskipti ehf. yfirtóku við kaup á búnaði Vaktstöðvar siglinga. Eftirstöðvar lánsins nema 31,7 millj. kr. í árslok 2018. Viðskiptabanki félagsins er jafnframt með handveð í bankareikningi og veðsetur bankanum fjárkröfur skv. þjónustusamningi við Siglingastofnun frá 8. janúar 2010.